

# Um 20 með geðröskun á götunni án hjálpar

Einstaklingar með persónuleikaröskun eru á götunni og fá ekki hjálpar. Heilbrigðisyfirvöld skilgreina þá ekki sem geðsjúka og hafna á þeirri forsendu allri hjálpar við þá, að sögn framkvæmdastjóra Geðhjalpar sem segir þessa einstaklinga hvað hættulegasta öðrum.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég áætla að það séu 16–17 einstaklingar með persónuleikaröskun af einhverju tagi sem eru á götunni núna,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjalpar. „Læknar vilja alls ekki blanda þeim við geðsjúka einstaklinga þar sem kenningin segir að þeir séu ekki geðsjúk. En það eru engu að síður þeir, sem eru hættulegastir. Ef bætt er við þeim geðsjúku einstaklingum sem einnig eru á götunni má áætla að alls séu þetta um tuttugu einstaklingar í allt.“

„Það er sammerkt með öllum þessum tuttugu, að þeir eru í einhvers konar neyslu. Þeir eru allir öryrkjar og eru allir á götunni.“

Fréttablaðið hefur undanfarnar vikur fylgst með málefnum einstaklings sem er „utan kerfis“ ef svo mæti segja. Hann flokkast ekki undir að vera geðsjúk. Engu að síður hefur hann verið til mikilla vandræða. Honum var

gert að flytja úr húsnæði sínu 17. nóvember og fór þá í felur, en læsti sig síðan inni. Hann hefur frelsissvipt fólk, hótad því, skemmt eitur og haft uppi ógnandi tilburði. Um áramótin barði hann mann þannig að stórsá á honum. Óskað var eftir nálgunarbanni á hann 20. ágúst á síðasta ári. Það strandaði á því þá að það fengjust tilskilin vottorð frá læknum. Sá angi málsins mun þó vera kominn í vinnslu núna. Drjár kærur á manninn liggja fyrir hjá lögreglu.

Mál þessa manns hefur verið á borði Geðhjalpar í langan tíma en ekki fást úrræði fyrir hann.

„Lögreglan tekur þessa tuttugu einstaklinga sem einn hóp,“ segir Sveinn. „Heilbrigðisyfirvöld synja hins vegar allri meðferð á þessum persónuleikaröskuðu einstaklingum þar sem þeir eru ekki



**SVEINN MAGNÚSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI GEÐHJALPAR**  
Miklar annir hafa verið undanfarnar vikur og mánuði hjá Geðhjalpar á Túngötunni, en þar leita aðstoðar fólk sem á við geðræna erfiðleika að etja og vantar leiðbeiningar af ýmsum toga.

skilgreindir geðsjúk, jafnvel þó þeir eigi við geðræn vandamál af ýmsum toga að etja. Það verður að breyta vinnulagi dómsmála- og heilbrigðisyfirvalda og síðast en ekki síst félagsmálayfirvalda. Það verður að samræma vinnubrögð þessara þriggja aðila um aðstoð

við þetta fólk.“

Sveinn segir að lögreglan hefði jafnvel ekki fyrir því að kalla viðkomandi til yfirheyrslu, ef til efni væri til, því þeirra biðu engin önnur úrræði en að setja þá á götuna aftur.

[jss@frettabladid.is](mailto:jss@frettabladid.is)